Kópavogsbær

Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og breyting á deiliskipulagi.

Silfursmári 1-7

Skipulags- og matslýsing

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfissvið
Skipulagsdeild
15. september 2026
Málsnr. One.: 25043169/2411179

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Efnisyfirlit

1. Inngangur 3
2. Forsendur skipulagsáætlana 3
2.1. Forsendur og markmið 3
2.2. Skipulagssvæði og afmörkun 3
2.3. Tengsl við áætlanir 4
2.3.1. Landsskipulagsstefna 2024-2038 4
2.3.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 4
2.3.3. Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 4
2.3.4. Staða deiliskipulags 5
2.3.5. Aðrar áætlanir 6
3. Breyting á aðalskipulagi 6
4. Breyting á deiliskipulagi 8
5. Greiningarvinna 9
6. Mat á umhverfisáhrifum áætlana 10
7. Kynning og samráð 10
7.1. Forsaga máls 10
7.2. Kynning skipulags- og matslýsingar og skipulagsáætlana 11
7.3. Samráðsaðilar 11
7.4. Tímaáætlun 11

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

1. Inngangur

Lögð er fram skipulags- og matslýsing, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, vegna breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040 fyrir Silfursmára 1-7 og breytingu á deiliskipulagi fyrir svæðið. Í gildi er deiliskipulagið Þjónustumiðstöð í Kópavogsdal samþykkt dags. 12. október 1993 m.s.br.

Markmið skipulagsbreytinga er m.a. að styrkja enn frekar svæðiskjarnann í Smáranum og tengja saman 201 Smára og Smáralind þannig að miðsvæðin verði samtengd með byggð og torgsvæðum. Fyrirhugað er að byggja á svæðinu blandaða byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis. Til stendur að fjölga íbúðum og breyta fyrirkomulagi uppbyggingar með það að markmiði að auka gæði svæðisins.

2. Forsendur skipulagsáætlana

2.1. Forsendur og markmið

Markmið skipulagsbreytinga er að bæta aðstæður til að byggja upp fjölbreytta blöndu atvinnu- og íbúðarhúsnæðis sem er í góðum tengslum við núverandi byggð. Svæðið tengir 201 Smára og Smáralind og er mikilvægur hluti þess að byggja þar upp samfellt borgarsvæði.

Fyrirhugað er að breyta skipulagi til að fjölga íbúðum og aðlaga svæðið að breyttum þörfum. Markmið skipulagsbreytinga eru að:

- Fjölga íbúðum á svæðinu sem er á samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins.
- Auka byggingarmagn á svæðinu í samræmi við nærliggjandi byggð og staðsetningu svæðisins sem þéttingarsvæði.
- Skapa góð tengsl milli 201 Smára og Smáralindar og byggja þar upp torgsvæði með leiksvæði.
- Skipulag stuðli að auknum lífsgæðum með fjölbreyttu mannlífi og góðu aðgengi að verslun og þjónustu.
- Aðlaga uppbyggingu svæðisins að núverandi byggð með það að markmiði að bæta svæðið í heild.

Til að gera þetta er fyrirhugað að breyta aðal- og deiliskipulagi fyrir svæðið. Til stendur að breyta aðalskipulagi til að heimilt verði að byggja allt að 10 hæðir þar sem sú efsta er inndregin. Á svæðinu í kring eru almennt nokkuð há hús. Við Silfursmára stendur m.a. 14 hæða hús þar sem efsta hæðin er inndregin, einnig sem norðan megin við Smáralind eru háar byggingar.

Samhliða verður unnið að breytingu á deiliskipulagi með það að markmiði að bæta nýtingu og skipulag svæðisins. Fyrirhuguð breytingin felur meðal annars í sér fjölgun íbúða, aukið byggingarmagn, breytt fyrirkomulag húsakroppa og og bílastæða sem og breytingar á hæð bygginga.

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi hafa áður verið samþykkt í bæjarstjórn en þar sem Skipulagsstofnun, nú HMS, féllst ekki á að um óverulega breytingu væri að ræða er hér hafið nýtt skipulagsferli fyrir báðar áætlanir. Nánar er fjallað um forsöguna í kafla 7.1.

2.2. Skipulagssvæði og afmörkun

Skipulagssvæðið afmarkast af Silfursmára, Smárahvammsvegi og Hagasmára. Lóðin er sunnan Smáralindar og nýtist í dag sem bílastæði. Þannig er um að ræða vannýtta lóð. Svæðið er nánd við atvinnustarfsemi á svæðinu og er á samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins og þannig í góðum tengslum við almenningssamgöngur. Norðan svæðisins er Smáralind, rótgróin verslunarmiðstöð með miklu framboði af verslun og þjónustu. Sunnan svæðis er nýleg byggð í bland við atvinnustarfsemi þar sem íbúar hafa nýlega flutt inn á svæðið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026



Mynd 1 sýnir skipulagssvæðið á loftmynd.

2.3. Tengsl við áætlanir

2.3.1. Landsskipulagsstefna 2024-2038

Skipulagsverkefnið er í samræmi við landsskipulagsstefnu þar sem það felur í sér uppbyggingu á vannýttri raskaðri lóð í miðkjarna (svæðiskjarna) þéttbýlis þar sem eru fjölbreyttir samgöngukostir og fyrir er blanda íbúða og atvinnustarfsemi. Skipulag felur í sér frekari blöndun íbúða og atvinnustarfsemi sem er í samræmi við markmið og er líklegt til að styrkja þjónustukjarnann enn frekar og auka gæði svæðisins.

2.3.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040

Uppbyggingin er m.a. í samræmi við markmið 1.2 í svæðisskipulagi um að vexti verði beint á miðkjarna og á önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði, en svæðið er hluti af svæðiskjarnanum Smárinn, Mjódd og er á samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins.

2.3.3. Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Lóðin er á miðsvæði M-3 skv. aðalskipulagi og á þróunarsvæði ÞR-6.

Í umfjöllun um miðsvæði (M-3) segir sérstaklega um svæðið:

> „Sunnan Smáralindar eru austan megin bílastæði Smáralindar og vestan megin deiliskipulagt svæði að Silfursmára 1-7. Þar er gert ráð fyrir torgi og atvinnu- og íbúðarhúsnæði á 1-5 hæðum með kjallara og bílakjallara. Svæðið tilheyrir reit/svæði sem kallast 201 Smári samanber umfjöllun um M-4 hér á eftir.“

Þá segir í umfjöllun um þróunarsvæði (Þ-6):

- Gert er ráð fyrir nútíma borgarhverfi með blandaðri byggð með verslunum, þjónustu og til viðmiðunar um 700 íbúðum.
- Mikið verður lagt upp úr hönnun bygginga og útfærsla miðuð við að gefa kosta á fjölbreyttu íbúðaformi og stærðum til að höfða til sem flestra aldurshópa og mismunandi fjölskyldustærða. Mikið verður lagt í frágang gatna, opinna svæða og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

gönguleiða. Stutt er í skóla, verslun og þjónustu og því áhersla á góðar tengingar við nærliggjandi svæði.
- Að stofni til eru hæðir húsa á svæðinu sex til sjö hæðir auk kjallara og inndreginnar þakhæðar.
- Á norðvesturhluta svæðisins verður 14 hæða fjölbýlishús og 9 hæða hús í norðvesturhluta byggðar. Allar byggingar á svæðinu skulu vera í háum gæðaflokki.

„Byggðin næst Smáralind verður að mestu verslunar- og þjónustubyggingar með möguleika á íbúðum á efri hæðum. Silfursmári er ný „borgargata" en á jarðhæðum fyrirhugaðra bygginga við götuna eru ráðgerðar verslanir og þjónusta með um 80% gegnsæi (gleri) en á efri hæðum íbúðir. Hámarksumferðahraði í borgargötu og í húsagötum verður 30 km/klst. Áhersla er lögð á að gera öruggar göngu- og hjólaleiðir í hverfinu og tengja þær áfram við aðliggjandi hverfi. Megin göngu- og hjólaleið hverfisins liggur í austur-vestur stefnu og meðfram henni er gert ráð fyrir áningastöðum, s.s. leiksvæðum, æfingasvæði og setsvæðum."

Til að hægt sé að hækka byggð nær Smáralind er fyrirhugað að gera breytingu á aðalskipulagi. Fyrirhuguð uppbygging er að öðru leyti í samræmi við aðalskipulag og styður blönduð notkun atvinnu og íbúða með torgsvæðum við markmið aðalskipulags um að:

- Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar í samræmi við heimsmarkmið 11.3 um þátttöku íbúa í skipulagsmálum. (kafli 2.2)
- Hugað verði að aðgengi að stígum, opnum svæðum og leiksvæðum í samræmi við heimsmarkmið 11.7 um aðgengi að öruggum grænum svæðum. (kafli 2.2)
- Jafnvægi í dreifingu atvinnusvæða og íbúðarsvæða verði aukið og þannig sköpuð aukin atvinnutækifæri nær íbúðarhverfum. (kafli 2.2)
- Að uppbygging miðsvæðis (svæðiskjarna) við Reykjanesbraut haldi áfram að þróast sem miðstöð verslunar og þjónustu. (kafli 3.2.2)

2.3.4. Staða deiliskipulags

Í gildi er deiliskipulagið Þjónustumiðstöð í Kópavogsdal samþykkt dags. 12. október 1993 m.s.br.

Gerðar hafa verið þrjár breytingar á gildandi deiliskipulagi sem fjalla um lóð Silfursmára 1-7, svæði A05-6, samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs24. nóvember 2015, 25. október 2016 og samþykkt í bæjarráði Kópavogs 8. ágúst 2019.

Samkvæmt deiliskipulagi gildir eftirfarandi fyrir lóðina:

- Gert er ráð fyrir 1-5 hæða atvinnuhúsnæði með skrifstofu- og verslunarrekstri á neðri hæðum og íbúðum á efri hæðum. Jafnfram er gert ráð fyrir kjallara og bílakjallara.
- Mesta hæð húss er 19 metrar mælt frá yfirborði botnplötu 1. hæðar.
- Skv. gildandi deiliskipulagi verða 18 íbúðir á lóðinni.
- Gert er ráð fyrir torgsvæði. Húsið á að stalla sig niður að torgi og verða hluti af fjölnotatorgi í formi áhorfendasæta og þakgarður aðgengilegur frá torgi.
- Hámarks flatarmál húss er 12.260 m^2 án kjallara og bílakjallara. Stærð kjallara er 2.900 m^2 og stærð bílakjallara um 7.000 m^2.
- Hús á reitnum á að stallast og mynda verandir og útisvæði ofan á þökum.
- Gert er ráð fyrir að lágmarki 300 bílastæðum á lóðinni, 200 bílastæði í bílakjallara og 100 bílastæði ofanjarðar á lóð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Kvaðir eru um a.m.k 8 m breiða gönguleið á jarðhæð undir byggingu frá fjölnotatorgi að inngangi Smáralindar og um 10 m breiða aksturs- og gönguleið á jarðhæð yfir byggingarreit frá Silfursmára að bílastæðum á norðurhluta lóðar.



Mynd 2 sýnir gildandi deiliskipulag fyrir svæðið.

2.3.5. Aðrar áætlanir

Skipulagsáætlanir eru í samræmi við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og almennt í samræmi við þær áætlanir sem gilda um svæðið.

Nánar verður fjallað um samræmi við áætlanir í skipulagsáætlunum.

3. Breyting á aðalskipulagi

Fyrirhugað er að gerð verði breyting á aðalskipulagi til að hægt verði að byggja allt að 10 hæða hús á lóð Silfursmára 1-7 þar sem sú efsta er inndregin. Þannig er fyrirhugað að gera eftirfarandi breytingu á greinargerð aðalskipulags. Drög að skilmálabreytingu er sýnd hér að neðan þar sem skilmálar eru sýndir fyrir og eftir breytingu og eru breytingar feitletraðar.

Skilmálar fyrir breytingu á aðalskipulagi:

Í töflu 2-14, yfirlit yfir þróunarsvæði (ÞR), á bls. 52 segir um svæðið sunnan Smáralindar:

> „Að stofni til eru hæðir húsa á svæðinu sex til sjö hæðir auk kjallara og inndreginnar þakhæðar. Á norðvesturhluta svæðisins verður 14 hæða fjölbýlishús og 9 hæða hús í norðvesturhluta byggðar. Allar byggingar á svæðinu skulu vera í háum gæðaflokki."

Í töflu 3-5, yfirlit yfir miðsvæði, á bls. 59 segir um M-3 (ÞR-6) Smáralind:

> „Sunnan Smáralindar eru austan megin bílastæði Smáralindar og vestan megin deiliskipulagt svæði að Silfursmára. Þar er gert ráð fyrir torgi og atvinnu- og íbúðarhúsnæði á 1-5 hæðum með kjallara og bílakjallara."

Fyrirhugað er að skilmálar eftir breytingu á aðalskipulagi verði eftirfarandi:

Í töflu 2-14, yfirlit yfir þróunarsvæði (ÞR), á bls. 52 segir um svæðið sunnan Smáralindar:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

„Að stofni til eru hæðir húsa á svæðinu sex til sjö hæðir auk kjallara og inndreginnar þakhæðar. Á norðvesturhluta svæðisins verður 14 hæða fjölbýlishús og 9 hæða hús í norðvesturhluta byggðar. **Á lóð Silfursmára 1-7 er heimilt að byggja allt að 10 hæða hús auk bílakjallara, og skal efsta hæð vera inndregin. Lögð er áhersla á góða ásýnd og að mannvirki séu í góðu samhengi við núverandi byggð.** Allar byggingar á svæðinu skulu vera í háum gæðaflokki.“

Í töflu 3-5, yfirlit yfir miðsvæði, á bls. 59 segir um M-3 (ÞR-6) Smáralind:

„Sunnan Smáralindar eru austan megin bílastæði Smáralindar og vestan megin deiliskipulagt svæði að Silfursmára. **Á svæði sem áður var bílastæði sunnan Smáralindar, nú lóð Silfursmára 1-7, er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og atvinnuhúsnæðis. Allt að 10 hæðir, sú efsta inndregin, auk bílakjallara. Áhersla er á góð almenningsrými og vandað torgsvæði. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir áhrifum mannvirkja á byggð, sérstaklega m.t.t. skuggavarps og vindáhrifa.“**

Á þessu stigi stendur ekki til að gera aðrar breytingar á aðalskipulagi en að breyta stefnu um hæðir húsa á svæðinu og ekki er lagt upp með að gerð verði breyting á þéttbýlisuppdrætti. Hins vegar geta áherslur þróast við gerð vinnslutillögu sem getur kallað á frekari breytingar á aðalskipulagi. Fjallað er um skipulagsferlið og áætlun um auglýsingu vinnslutillögu og tillögu í kafla 0.



Mynd 3 sýnir staðsetningu Silfursmára 1-7 á aðalskipulagsuppdrætti.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

4. Breyting á deiliskipulagi

Unnin verður tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Silfursmára 1–7, svæði A05-6. Í tillögunni verða gerðar breytingar á skipulagsuppdrætti og sérákvæðum fyrir svæði A05-6, auk breytinga á hluta almennra ákvæða í gildandi skipulagsskilmálum samþykktir í bæjarstjórn Kópavogs 24. nóvember 2015. Markmið breytingarinnar er að móta heildstæða byggð sem hækkar upp í átt að Smáralind. Jafnframt er lögð áhersla á að skapa aðgengileg, vistleg og gróðursæl almenningsrými í formi torgs og leiksvæða sem nýtur sólar úr suðri.

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir einni samfelldri byggingu á reitnum. Í vinnu við breytingu á deiliskipulagi verður leitast við að skapa hentugri og fjölbreyttari byggingareiti fyrir atvinnu- og íbúðarhúsnæði og bæta almenningsrýmið. Þannig stendur til að bæta fyrirkomulag svæðisins, með því að:

- Fjölga íbúðum sem styrkir fjölbreytileika og blöndun og að auka möguleikana á fjölbreyttri starfsemi, m.a. með því að skipta einni stórri byggingu niður í fleiri.
- Auka vægi og hlutverk almenningstorgs og skapa fjölbreytt garðsvæði á reitnum fyrir alla aldurshópa.
- Bæta tengingar um og í gegnum svæðið og bæta tengsl þess við aðliggjandi byggð.
- Hámarka birtu og skjól í almenningsrýmum og tengja þau verslun og þjónustu á jarðhæðum.

Lögð er áhersla á hugmyndafræði um 20 mínútna hverfið. „ Áherslur 20 mínútna hverfisins draga úr þörf fyrir bæði lengri og styttri bílferðir og eiga að gera sem flestum kleift að fara erinda sinna gangandi eða hjólandi.“ Fjallað er nánar um markmið skipulagsvinnunnar í kafla 2.1 um forsendur og markmið.

Viðfangsefni deiliskipulags eru helst eftirfarandi:

- Setja skilmála um fyrirkomulag bygginga, ásýnd byggðar og frágang lóða.
- Setja skilmála um gæði dvalarsvæða og almenningsrýma á svæðinu.
- Setja skilmála um samgöngur, bílastæði og bílastæðahús

5. Greiningarvinna

Til að stuðla að gæðum byggðar á svæðinu hefur verið farið í greiningavinnu og eftirfarandi greiningar liggja fyrir miðað við núverandi stöðu verkefnisins:

- Samgöngumat.
- Skuggavarp.
- Sólarstundir á svæðinu.
- Vindgreiningar.

Þessar greiningar liggja til grundvallar skipulagsvinnunnar og ákvörðunartöku varðandi aðal- og deiliskipulag og unnið verður áfram með þessi gögn. Skýrslur verða uppfærðar eftir þörfum eftir því sem verkefninu vindur fram og gögnum aflað eins og þurfa þykir í skipulagsferlinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

6. Mat á umhverfisáhrifum áætlana

Lagt verður mat á umhverfisáhrif aðal- og deiliskipulagsbreytinga í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmiðið umhverfismats er að meta áhrif skipulagstillagna á umhverfi og samfélag og móta skipulag sem dregur úr neikvæðum áhrifum og styður við sjálfbæra þróun.

Fjallað verður um umhverfisáhrif í samræmi við umhverfisskýrslu Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040 fyrir aðalskipulagsbreytingu. Í deiliskipulagi verður fjallað um viðeigandi umhverfisþætti sem tengjast breytingu á deiliskipulagi.

Umhverfisþættir sem nú eru skilgreindir í umhverfisskýrslu aðalskipulags eru eftirfarandi:

Náttúrufar	Lagt verður mat á hvort breyting er líkleg til að hafa áhrif á náttúrufar svæðisins. Lagt verður mat á áhrif á lífríki (gróður og dýr), vatnafar, jarðfræði og jarðmyndanir og náttúruminjar.
Samfélag	Lagt verður mat á áhrif á félagslegt umhverfi, heilsu, öryggi, menningarminjar, yfirbragð byggðar.
Hagrænir þættir	Lagt verður mat á hvort að breytingin er líkleg til að hafa áhrif á hagræna þætti.
Auðlindir	Lagt verður mat á hvort breytingin er líkleg til að hafa áhrif á landrými og landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpförgun, orku og jarðefnanotkun.
Andrúmsloft	Lagt verður mat á hver líkleg áhrif eru á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda.

Við gerð deiliskipulagstillögunnar verður sérstaklega horft til áhrifa á umferð og samgöngur, skuggavarp, vindálag, samfélag og gæði byggðar.

7. Kynning og samráð

7.1. Forsaga máls

Forsaga máls er sú að báðar skipulagsáætlanir hafa farið í formlegt ferli. Sjá mál nr. 1487/2025 og 1488/2025 á skipulagsátt.

Bæjarstjórn samþykkti, dags. 26. ágúst 2025, að auglýsa óverulega breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 þar sem hámarks hæðir húsa á lóðinu eru hækkaðar í allt að 11 hæðir þar sem sú efsta er inndregin. Í kjölfarið var niðurstaða bæjarstjórnar auglýst og tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun til meðferðar.

Tillaga að deiliskipulagi, dags. í nóvember 2025, var kynnt með athugasemdafresti til 8. janúar 2026. Á kynningartíma bárust 59 umsagnir og athugasemdir sem munu verða nýttar inn í það skipulagsferli sem nú er að hefjast. Á kynningartíma, 19. nóvember 2025, var haldið opið hús í Smáraskóla þar sem tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Silfursmára 1-7 var kynnt.

Hins vegar féllst Skipulagsstofnun ekki á að um óverulega breytingu á aðalskipulagi væri að ræða sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sjá umsögn Skipulagsstofnunar dags. 17. desember 2025. Því er hér hafið nýtt ferli skipulagsbreytinga þar sem farið er með málið í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þar sem breyting á aðalskipulagi tók ekki gildi er þörf á að endurauglýsa breytingu á deiliskipulagi. Skipulags- og matslýsing þessi er þannig hluti af nýju skipulagsferli þar sem að lokum verður auglýst

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir Silfursmára 1-7 svo hægt verði að hefja þar uppbyggingu í samræmi við forsendur og markmið sem fjallað er um í kafla 2.1.

7.2. Kynning skipulags- og matslýsingar og skipulagsáætlana

Skipulags- og matslýsing og skipulagstillögur verða kynntar á vefsíðu Kópavogsbæjar undir „Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu“. Skipulags- og matslýsing og skipulagstillögur verða settar inn á skipulagsgátt og umsagnaraðilar munu fá umsagnarbeiðni í gegnum skipulagsgáttina.

Umsagnaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar munu geta sent inn umsögn eða athugasemd í gegnum skipulagsgáttina. Ef spurningar vakna um skipulags- og matslýsingu eða skipulagstillögur er hægt að óska eftir frekari upplýsingum hjá Skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar í gegnum netfangið skipulag@kopavogur.is.

7.3. Samráðsaðilar

Helstu samráðs- og umsagnaraðilar í ferlinu eru:

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
- Betri samgöngur ohf.
- Strætó bs./Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu
- Veitur ohf.
- Reykjavíkurborg
- Garðabær
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- ISAVIA
- Vegagerðin
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
- Veðurstofa Íslands
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Landssamtök Hjólreiðamanna
- Grænni byggð
- Íbúar á svæðinu

7.4. Tímaáætlun

Lagt er upp með að tímasetningar við breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi verði eftirfarandi. Tímasetningar geta tekið breytingum í samræmi við þróun verkefnisins.

Sep/okt 2026	Skipulags- og matslýsing samþykkt af bæjarstjórn og kynnt í kjölfarið.
Des 2026/ jan 2027	Vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi kynnt.
Apr/maí 2027	Tillögur að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi auglýstar samhliða.
Jún/ágú 2027	Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi taki gildi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026